

Reykjavík 1.9.2022

Til þess er málið varðar

Íþróttafélagið Ösp hefur í yfir 42 ár sérhæft sig í þjónustu við fatlaða iðkendur íþróttar og að okkar mati er enginn iðkandi of fatlaður til að æfa íþrótt heldur er það spurning um aðstoð, búnað og aðlögun.

Við finnum alltaf leið. Því er okkar rekstrarkostnaður per iðkanda tölvuvert hærri en hjá hefðbundnu íþróttafélagi. Síðustu árin höfum við verið að koma sterkt inn hjá börnum og fullorðnum með geðfatlanir. Þeir iðkendur þurfa oft mikla aðstoð þegar kemur að félagslegum samskiptum. Hjá hefðbundnum íþróttafélagi myndi eingöngu þurfa 1-2 þjálfara per hóp í þær íþróttagreinar sem við erum með en hjá okkur þarf 2-8 þjálfara per æfingu. Hlutfall iðkenda á þjálfara er að hámarki 5 iðkendur á hvern þjálfara. Það er gert til að tryggja öryggi. Framfarir og ánægju allra á æfingu. Öspin er þar fyrir utan með eitt hæsta hlutfall menntaðra þjálfara hjá ÍSí og sérsamböndum á Íslandi. Þá eru flestir okkar þjálfarar sérmenntaðir í þjálfun fatlaðra. Reglur Aspar eru þær að engin þjálfari sé undir 18 ára.

Nýlega höfum við farið að taka á móti nýbúum sem geta ekki tjáð sig á algengu tungumáli í stuttan tíma því okkar skipulag er myndrænt en þeir iðkendur hafa síðan vaxið upp úr Öspinni yfir í hefðbundin íþróttafélög þegar samskiptahæfnin eykst. Þar nýtist kunnátta þjálfara Aspar að vinna með einstaklingum með takmarkaða tjáningargetu.

Hjá Öspinni hefur æfingagjöldum verið stillt í hóp þar sem ekki hefur þótt réttlæt看legt að velja auknum rekstrarkostnaði yfir á iðkendur þar sem vitað er að sá kostnaður myndi koma í veg fyrir þátttöku allt of margra í íþróttum. Við höfum líka ekki látið iðkendur bera kostnað af þeim hjálpartækjum sem kaupa þarf svo þeir geti iðkað og keppt í sinni íþrótt. Í 42 ár hefur sú hugsun verið að það sé gert á þeim grundvelli að allir eigi að geta setið við sama borð.

Sem dæmi um verkefni sem Öspin hefur verið að vinna eru m.a.:

Skautadeild Aspar er sú stærsta í Evrópu og leiðandi í þróun á skautastarfi fatlaðra.

Öspin er leiðandi í þjálfun og keppni keilu fatlaðra á Íslandi.

Öspin hefur hafið innleiðingu á Borðhokki sem er íþrótt sem sérhönnuð er með þarfir blindra í huga. Þar geta blindir og sjáandi keppt saman.

Nútímafimleikadeild Aspar hefur vakið alþjóðaathygli á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað.

Mikil mismunur er á iðkendagjöldum og rekstrarkostnaði deildana og hefur Öspin farið þá leið að leita eftir styrkjum til að ná að reka félagið sem næst núlli. Síðasta árið hefur Öspin verið rekin með **8.192.150 kr.** halla. Sá halli kemur til af kostnaði við hjálpartæki fyrir deildina og fjölda þjálfara á móti þeim iðkendagjöldum sem deildin fær inn. Á hverju ári er reynt að safna styrkjum upp í þessa upphæð svo við getum rekið félagið á núlli. Það verður þó að viðurkennast að margra mánuði eigum við erfitt með að greiða út laun þar sem innistæða bankans gefur okkur ekki kost á því. Þar hafa allir lagst á eitt til að starf Asparinnar sé mögulegt og er mikið af okkar starfi unnið í sjálfboðaliða vinnu ásamt því að foreldrar, iðkendur og þjálfarar leggja okkur lið í að vinna launuð „sjálfboðaliðastörf“ þar sem afraksturinn rennur til félagsins. Þá hafa foreldrar/forráðamenn haldið tombólur og bingó til að safna peningum upp í

launakostnað. Augljóst er að þar eru allir komnir langt út fyrir sitt verksvið en til að halda því góða starfi áfram sem Öspin stendur fyrir hafa allir lagst á eitt. Okkar ósk er samt að þjálfarar okkar geti bara einbeitt sér að þjálfun og því faglega starfi sem þeir standa fyrir.

16% iðkenda Aspar eiga lögheimili í Mosfellsbæ. Því er 1.310.744 kr af halla Aspar komin til af aukin þjónustu við fatlaða einstaklinga búsetta í Mosfellsbæ. Frá 01.01.2018 til 31.12.2021 var í gildi samingur milli Mosfellsbæjar og Asparinnar vegna þjónustu við fatlaða íbúa Mosfellsbæjar. Öspin mun halda áfram að sinna þjónustu við íbúa Mosfellsbæjar og óskar eftir því að 7.gr. samningsins verði virt og samið verði við Öspina vegna þjónustu

Virðingarfyllst,
Helga Hákonardóttir
Formaður Aspar
S: 663-5477
Kt:531184-1069
Sigtúni 42
105 Reykjavík.

Sund grunnhópur

| | |
|------------------------------|--------------|
| Auka kostnaður við haust önn | + 210.000 kr |
| Auka kostnaður við vorönn | 301.000 kr |

Sund framhald

| | |
|------------------------------|------------|
| Auka kostnaður við haust önn | 440.000 kr |
| Auka kostnaður við vorönn | 709.500 kr |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr |

Skautar

| | |
|-----------------------------|------------|
| Auka kostnaður við haustönn | 95.000 kr |
| Auka kostnaður við vorönn | 724.350 kr |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr |

Keila

| | |
|----------------------------|---------------|
| Aukakostnaður við haustönn | + 518.000 kr. |
| Aukakostnaður við vorönn | 390.000 kr |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr. |

Fótbolti

| | |
|----------------------------|-------------|
| Aukakostnaður við haustönn | 230.000 kr |
| Aukakostnaður við vorönn | + 60.000 kr |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr. |

Nútímafimleikar

| | |
|----------------------------|-------------|
| Aukakostnaður við haustönn | 310.000 kr. |
| Aukakostnaður við vorönn | 538.850 kr. |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr |

Frjársar

| | |
|----------------------------|--------------|
| Aukakostnaður við haustönn | + 40.000 kr. |
| Aukakostnaður við vorönn | 121.000 kr |
| Aukakostnaður við sumarönn | 112.000 kr. |
| Kostnaður við yfirþjálfara | 720.000 kr. |

Boccia

| | |
|------------------------------|---------------|
| Aukakostnaður við haustönn | + 185.000 kr. |
| Aukakostnaður við vorönn | 193.450 kr. |
| Kostnaður vegna yfirþjálfara | 720.000 kr. |

| | |
|----------|---------------|
| Mismunur | 8.192.150 kr. |
|----------|---------------|